

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Eirð, lóð úr landi Haga við Gíslholtsvatn, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 9. desember 2021 tillögu að deiliskipulagi fyrir Eirð, Hagi, lóð, L165214. Tillagan gerir ráð fyrir starfsemi leiðtoga- og kyrrðarseturs þar sem gert verði ráð fyrir byggingu á gistiskálum og kennslustofum. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 13. janúar 2022.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 27. janúar 2022